




8. árg. 2. tbl Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð apríl 2003

Vorsýning FÁT 2003

Nú er vorsýning Félags áhugamanna um tréskurð framundan, en sýningin verður haldin **laugardaginn 3. og sunnudaginn 4. maí n.k. í tengibyggingu Safnaðarheimilis Háteigskirkju v/ Háteigsveg kl. 13.00-17:00 báða dagana.**

Að þessu sinni verður heiðursgestur vorsýningarinnar okkar leikmaður þar sem tala hinna lærðu meistara er fyllt. Við byrjum á þeim elsta sem okkur er kunnugt um að sé enn að starfi, en hann heitir Ríkarður Long Ingibergsson fæddur 08.09.1912. En hann hefur tálgað og skorið út frá barns aldri allt til þessa dags. Ríkarður er menntaður húsasmíðameistari og starfaði við það hér í borg, auk þess mun sonur hans Albert sem er myndmennta- og smíðakennari sýna með föður sínum. Þess má til gamans geta að Ríkarður er systursonur Ríkarðs Jónssonar myndskurðarmeistara.

Móttaka á útskornum munum félagsmanna vegna sýningarinnar þarf að afhenda föstudaginn 2. maí kl. 18:00-19:00 á sama stað og sýningin er haldin og sækja þarf munina aftur að lokinni sýningu sunnudaginn 4. maí kl. 17:00. Með sýningarmununum þurfa helst að fylgja miðar með nafni þátttakenda ásamt upplýsingum um viðartegund og yfirborðsmeðferð.

Félagsmenn eru hvattir til að taka þátt í vorsýningunni og að koma með útskorna muni sína til sýningar og sjá muni annarra félagsmanna. Sýning er að sjálfsögðu opin öllum og enginn aðgangseyrir. Félagsmenn takið með ykkur gesti.

Gengið er inn um aðalinngang safnaðarheimilisins að norðanverðu.

Noregsferðin

Fyrirhuguð ferð félagsmanna í júní (sbr. í síðasta Brýni) á útskurðarsýninguna við Hjerleidskólann í Dovre, Guðbrandsdal í Noregi er því miður aflýst vegna ónógrar þátttöku.



BRÝNIÐ

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32
105 Reykjavík (s. 553 7768 Vilhjálmur Siggeirsson)